



ÁRSSKÝRSLA 2022



Rauði krossinn
höfuðborgarsvæðinu

EFNISYFIRLIT

- 01** Ávarp formanns
- 02** Virkt og gefandi sjálfbóðastarf
- 05** Skaðaminnkun
- 09** Flóttafólk
- 13** Kvennadeild
- 16** Stjórn og starfsfólk

ÁVARP FORMANNS

Jón Ásgeirsson formaður

Eitt af því skemmtilega við að starfa í Rauða krossinum er hið síbreytilega umhverfi sem við hrærumst í. Það gerir þær kröfur til okkar að framkvæma þarfagreiningar og endurskoða verkefnavalið sí og æ. Við slíka endurskoðun ber okkur að líta til grunngilda Rauða krossins og það er mikill styrkur að hafa þau sem leiðarljós. Þau eru öll jafn mikilvæg en það sem kannski skiptir mestu máli í verkefnavali er Óhlutdrægni. Hún setur þær skyldur á herðar okkar að gera engan greinarmun: okkur ber að veita forgang þeim sem verst eru stödd.

Það var slík endurskoðun sem leiddi Rauða krossinn í Reykjavík til að hefja starf Frú Ragnheiðar fyrir nokkrum árum. Endurskoðunin í fyrra hvatti okkur til að gera enn betur í skaðaminnkun. Í mars fór deildin af stað með nýtt tilraunaverkefni sem hafði verið í undirbúningi ári áður. Ylja, færanlegt neyslurými, fór í sínu fyrstu ferð þann 10. mars 2022. Ylja hefur tryggt skjólstæðingum góða þjónustu þrátt fyrir þær takmörkuðu aðstæður sem verkefninu var skapað þetta fyrsta ár – að vera rekið í bifreið en ekki í húsnæði.



Þarfagreiningin í fyrra beindi líka sjónum okkar að fámennum, en viðkvæmum, hópi fólks sem býr við umborna dvöl hér á Íslandi. Það er varla hægt að finna jaðarsettari hóp og í samræmi við málsvarahlutverk okkar vann deildin að skýrslu um stöðu hans sem vakti töluverða athygli á nýju ári. Vonandi tekst að eiga upplýsta umræðu í kjölfarið sem leiðir til faglegrar úrvinnslu og raunhæfra úrbóta.

Það var líka ljóst í upphafi árs að deildin héldi áfram starfi með flóttamönnum enda hefur aldrei í sögunni verið fleira fólk á flóttu en nú er. Fjöldi flóttafólks á Íslandi margfaldaðist og metfjöldi fékk hér alþjóðlega vernd, eða 4.518 einstaklingar. Tilefni þótti til að opna aftur Opið hús með áherslu á þjónustu við fólk frá Úkraínu og Venesúela.

Á hinn bóginn var lagður grunnur að brotthvarfi deildarinnar úr rekstri Múlabæjar sem er dagsetur fyrir fólk með heilabilun. Það var stofnað árið 1993 með þátttöku Rauða krossins í Reykjavík, Félagi eldri borgara og SÍBS. Starfsemin hefur margsannað gildi sitt og fest sig vel í sessi. Hún hefur ekki verið háð stofnendum til margra ára og því vel við hæfi að Rauði krossinn stígi nú til hliðar.

Það er svo sannarlega verk að vinna. Yfirstandandi hnattrænar breytingar hafa áhrif hér á Íslandi, á störf Rauða krossins og samfélagsins alls og þá reynir á mannúðarhugsjón Rauða krossins. Það er skylda okkar, sjálfböðaliða og starfsmanna, að stuðla að upplýstri umræðu og umburðarlyndi og skapa með því samfélag þar sem mannréttindi, jafnrétti og gagnkvæm virðing ríkir á milli allra íbúa landsins. Á þann hátt mun okkar takast að skapa þeim sem á eftir okkur koma betri og bjartari framtíð. Það er stóra verkefni Rauða krossins.

VIRKT OG GEFANDI SJÁLFBODASTARF

Einn af grunnþáttum í starfsemi Rauða krossins er fjölbreyttur hópur sjálfbodaliða sem endurspeglar samfélagsgerðina og veitir okkur kraft og bolmagn til að vinna að þeim fjölmörgu verkefnum sem við sinnum. Við leggjum áherslu á samfélagslega þátttöku ólíkra aðila í starfi félagsins og þjálfum og fræðum þannig að sjálfbodaliðar hafi verkfærin til að takast á við verkefnin sín. Á árinu tóku um 2.500 sjálfbodaliðar þátt í fjölbreyttum verkefnum um allt land.

Fræðsla og öryggi

Við leggjum áherslu á að sjálfbodaliðar fái góða þjálfun á þeim vettvangi sem þeir starfa á og sækji sér aukna þekkingu. Námskeiðsvefur Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans, [Learning Platform](#), var tekinn í notkun á árinu. Vefurinn er opinn öllum og þar má finna tugi hagnýtra námskeiða sem tengjast störfum Rauða krossins. Fljótlega munu bætast við námskeið fyrir sjálfbodaliða Rauða krossins á Íslandi fyrir einstök verkefni.

Mínar síður

Í janúar leit í ljós ný vefsíða Rauða krossins ásamt innra svæðinu [Mínar síður](#). Á mínum síðum geta sjálfbodaliðar nálgast upplýsingar um sjálfbodastarfið sitt og séð yfirlit yfir öll námskeið hjá félaginu sem þau hafa lokið, séð gildistíma skyndihjálparskírteina og uppfært persónuupplýsingar. Þar er líka hægt að nálgast gild sjálfbodaliðaskírteini, lesa og skrifa undir sjálfbodaliðasamning og skoða félagsaðild að Rauða krossinum.

Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu		
	Starfsfólk	Sjálfbodaliðar
Stjórn deildar	1	12
Frú Ragnheiður	2	100
Ylja Neyslurými	3	8
Leiðsöguvinir	2	109
Tölum saman	1	44
Opið hús	1	20
Kvennadeild	0,75	80
Mosfellsbær	0	21
Samtals	10,75	394

Taktu þátt!

Sjálfbodaliðar Rauða krossins gera hreyfingunni kleift að vera til staðar þar sem þörfin er mest og bregðast skjótt við á neyðarstundu. Rauði krossinn á Íslandi er hluti af alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans þar sem meira en 14 milljónir sjálfbodaliða starfa. Verkefnin eru fjölbreytt og flest geta fundið verkefni við hæfi og nýtt hæfni sína og þekking samfélaginu til góða. Upplýsingar um sjálfbodastörf á þínu svæði og hvernig hægt er að taka þátt má finna á www.raudikrossinn.is/sjalfbodaliðar.



FRAMÚRSKARANDI SJÁLFBÓÐALIÐAR



MONIKA EMILSDÓTTIR



Monika hefur verið virkur sjálfbóðaliði í Frú Ragnheiði í tæp fimm ár. Hún er læknir að mennt og stendur bakvaktir í verkefninu, en læknir á bakvakt sinnir bráðatilfellum og metur sýkingar og skrifar upp á sýklalyf fyrir þau sem það þurfa hverju sinni

Monika er gríðarlega áreiðanlegur sjálfbóðaliði og er ötul við að skrá sig á vakt. Oftast tekur hún tvær vikur á bakvakt í hverjum mánuði, svo að hún þekkir skjólstæðingahópinn og þeirra þjónustuþarfir vel. Auk þess er Monika mikilvægur sjálfbóðaliði því hún er góður stuðningur fyrir starfsfólk verkefnisins þegar verið er að þjónusta skjólstæðinga Frú Ragnheiðar á daginn, en þá veitir hún læknisfræðilega ráðgjöf og fræðslu og sinnir eftirfylgd mála.

RAGNAR KJARTANSSON



Ragnar hefur í rúm tvö ár sinnt skyldu sinni sem sjálfbóðaliði í Opnu Húsi í Árskógum og síðar Vitatorgi af kostgæfni. Hæfni hans í mannlegum samskiptum nýtist vel við að brúa bil tungumála og menningarheima í hinum daglegu samskiptum þar og á hann mikinn þátt í að viðhalda því hlýlega og jákvæða andrúmslofti sem þar ríkir.

Hann hefur einnig farið út fyrir sínar grunnskyldur sem sjálfbóðaliði og nýtt sínar tengingar í listaheiminum til að bjóða tónlistarfólki í heimsókn til okkar, ásamt því að skipuleggja heimsóknir með hópa skjólstæðinga okkar á listasöfn og vinnustofur listafólks.

**VIÐ ÞÖKKUM RAGNARI OG MONIKUKÆRLEGA
FYRIR VEL UNNIN STÖRF OG VONUMST TIL
ÁFRAMHALDANDI FARSÆLS SAMSTARFS.**



MY EXPERIENCE AS AN ESC VOLUNTEER IN THE REFUGEE TEAM

by Nadine Andriesse

I started my volunteering journey in September 2022. As an ESC volunteer in the Refugee Team, one of the things I do is participate in the Interview Hours. During these hours people with international protection are welcome to come to get clothing cards, ask questions and get information about projects at the Red Cross. I find myself having many interesting interactions with people from many different backgrounds.

For instance, I sometimes sit down with people who recently received their status, while other times I sit with people who have just arrived in Iceland a few days ago. They have to find out how to do everyday things in a new environment. A lot of the time, I don't speak the same language as the people who come in. In spite of this barrier, I want them to feel comfortable and seen. This makes you think about other ways to make connections: most of the time we can get far with Google Translate, but in other occasions you need to find ways to make yourself intelligible. I find myself doing a lot of hand gestures or little drawings to make myself clear.

In a way, I think this can make conversations more engaging. It creates a different type of connection where you both have to be present and work together to understand each other.

Furthermore, when I explain our projects, people are eager to participate. People want to build a fulfilling life in Icelandic society and learning the Icelandic language is a big part of that. Clients often assume I speak Icelandic and are excited to share with me what they have learnt so far. When I tell them I am also learning, it often creates a nice interaction. We make a little joke about how hard it is to learn the language, or we practise some greetings.

Another aspect of building a fulfilling life in Iceland is making meaningful connections. I am pleased to see that both clients and volunteers are open to these connections. I sat across a woman, explaining our projects Tölum Saman and Guiding friend. Before I could ask if she was interested, she already pointed to the Guiding Friend project. "I would like a friend", she said. After a few months I called her to hear how the project was going. She happened to be with her Icelandic friend in that moment and they told me that they already formed a good friendship. Their families have a good connection now and their children play together. Moreover, they are getting to know each other's culture through cooking together.

These experiences make me realize how valuable different cultural connections can be. In my day to day, I am fortunate enough to be surrounded by other volunteers who are willing to share their culture with me. This is allowing me to get a different perspective and to grow in different aspects. By offering our support from the Red Cross, I hope that people who are new in Iceland can make such connections and feel more at home in Icelandic society.



SKAÐAMINNUNKUN

Skaðaminnkunarteymið stækkaði, því Ylja neyslurými hóf starfsemi í mars og í kjölfarið var ráðinn annar hjúkrunarfræðingur í teymið. Frú Ragnheiður náði líka til enn fleiri notenda en árið áður, sem ber vott um það mikilvæga traust sem öflugur hópur sjálfboðaliða hefur náð að byggja upp fyrir verkefnið. Einn hápunktur ársins var brautryðjandastarf Frú Ragnheiðar í dreifingu á lyfinu Naloxone til notenda, þeim að kostnaðarlausu. Einnig hófst mikilvægt samstarf Frú Ragnheiðar og Landspítalans við greiningu og lyfjameðferð við Lífurbólgu C og HIV á vettvangi.

Stöðug aukning hefur verið á bæði notendafjölda og heimsóknafjölda Frú Ragnheiðar frá upphafi og var árið 2022 þar engin undantekning. Á árinu leituðu 643 einstaklingar til Frú Ragnheiðar en í fyrra voru þeir 592. Heimsóknafjöldi var 5.987, sem er 27% aukning frá árinu áður.

Samfélagsleg skaðaminnkun Frú Ragnheiðar felur í sér að farga notuðum sprautubúnaði. Árið 2022 fargaði verkefnið 3.673 lítrum, sem er um 300 lítrum meira en árið á undan.

Líkt og undanfarin ár hélt nálaskiptaþjónustan áfram að vega þungt í verkefninu og var hún veitt í 73,8% heimsókna. Sálrænn stuðningur var veittur í 73,5% heimsókna og skaðaminnkandi ráðgjöf í 52% heimsókna.

Þó að Frú Ragnheiður sé í grunninn ekki matarúthlutunarverkefni þá er það gríðarmikilvægur hluti af verkefninu og þáðu notendur næringu í 92% heimsókna. Konur eru um þriðjungur þeirra sem leita til Frú Ragnheiðar, sem er svipað hlutfall og árið áður.

Vert er að taka fram að á hverjum tíma eru notendur þjónustu okkar í virku samráði við verkefnið um þróun þess og nokkrir þeirra skilgreindir sem ráðgjafar Frú Ragnheiðar. Þessir einstaklingar eru skráðir sjálfboðaliðar hjá Frú Ragnheiði og sinna málsvaustarfi, veita verkefninu upplýsingar og taka virkan þátt í að fræða sjálfboðaliða verkefnisins. Einnig hafa þeir tekið að sér það mikilvæga verkefni að dreifa út Naloxone nefúðanum til annarra notenda.

-2022-

643

EINSTAKLINGAR SÓTTU SÉR
ÞJÓNUSTU FRÚ RAGNHEIÐAR

5.987

HEIMSÓKNIR Í
FRÚ RAGNHEIÐI



Á VAKT Í FRÚNNI

Á bakvið Frú Ragnheiði stendur fjölbreyttur hópur sjálfboðaliða. Árið 2022 voru um 100 virkir sjálfboðaliðar og á hverri vakt standa þrír sjálfboðaliðar vaktina á kvöldin auk læknis á bakvakt. Ásamt því að sinna skjólstæðingum taka þau að sér að sækja næringu til fyrirtækja, halda utan um tölfraði verkefnisins, aðstoða við viðhald bílsins, fjáröflun og móttöku á hlýjum fatnaði fyrir notendur okkar.



Öflugur hópur sjálfboðaliða Frú Ragnheiðar samanstendur af fjölbreyttum hópi einstaklinga með mismunandi menntun og lífsreynslu. Innan hópsins verður til dýrmætur lærdómur sem þau draga af hvort öðru og til verða frábærir málsvarar í ýmsum stéttum samfélagsins. Í þessum fjölbreytta hóp myndast oft skemmtileg stemning á vöktum, þar sem sagðar eru sögur og brandarar og spiluð skemmtileg tónlist. Það er þýðingarmikið fyrir notendur að mæta gleði og jákvæðri orku í bílnum og að geta nýtt ólíkan bakgrunn sjálfboðaliða til að leita sér sálræns stuðnings og mynda mikilvægar tengingar.



Frú Ragnheiður hefur síðustu ár keyrt sex kvöld vikunnar, öll kvöld nema laugardaga. Árið í ár var engin undantekning, en að frumkvæði sjálfboðaliða var bætt við vakt á aðfangadags- og gamlárskvöld, sem voru á laugardögum í ár. Það gerði það að verkum að Frú Ragnheiður keyrði um götur höfuðborgarsvæðisins í þrjár vikur án lokunar. Sýnir þetta fram á þann magnaða kraft sem býr í sjálfboðaliðahópnum okkar, sem ber skilyrðislausa virðingu og væntumþykju til verkefnisins og notenda.

HJÚKRUN Í FRÚ RAGNHEIÐI

Sérhæfð heilbrigðisþjónusta Frú Ragnheiðar var veitt í um 11,8 % heimsókna eða 705 sinnum. Hún felst sem fyrr fyrst og fremst í meðferð sára, æðabólgu og sýkinga sem koma vegna notkunar vímuefna í æð. Sú heilbrigðisþjónusta sem veitt er á vettvangi einskorðast þó ekki við þetta heldur felur einnig í sér þjónustu á borð við samtalsmeðferðir, ráðleggingar vegna heilbrigðistengdra vandamála og stuðning við að komast í blóðprufur. Þá leitar ákveðinn hópur þjónustuþega Frú Ragnheiðar til verkefnisins á daginn og fær sá hópur þá gjarnan tilvísun og/eða fylgd á göngudeild smitsjúkdóma en aukið samstarf hefur átt sér stað við þá einingu með góðum árangri.

NALOXONE

Í desember 2021 hlaut Frú Ragnheiður styrk frá einkaaðilum til að fjármagna kaup á Naloxone í nefúðaformi. Í mars 2022 var loks hægt að hefjast handa við dreifingu þess til almennings. Í kjölfarið lagði Lyfjastofnun til breytingu á verklagi þar sem bent var á möguleikann á að lækna gætu ávísað lyfinu til fyrirtækja eða stofnana sem þjónusta fólk sem glímir við ópíóíðafíkn og/eða aðstandenda þeirra. Þann 1. júlí náði sú breyting í gegn og greiðir heilbrigðisráðuneytið nú allan kostnað vegna lyfsins sem notendur fá að kostnaðarlausu.

***Naloxone er mótefni gegn
ópíóðum sem valda
öndunarbælingu og jafnvel
öndunarstoppi ef þeir eru
teknir í skammti sem fer yfir
þolmörk einstaklings.***

Frá því í mars hefur 490 pökkum af lyfinu verið dreift til notenda. Hver pakki inniheldur tvo nefúða. Reglulega heyrir starfsfólk og sjálfböðaliðar verkefnisins af því að notendur hafi þurft að nota lyfið og þannig bjargað lífum fólks í kringum sig. Dreifing á Naloxone er gríðarlega stórt og mikilvægt skref í skaðaminnkun á Íslandi og það ber að fagna þessum merka áfanga.



**Notendur Ylja geta fengið frítt
Naloxone nefsprey ásamt fræðslu
um lyfið**

YLJA NEYSLURÝMI

Árið 2022 markaði tímamót í skaðaminnkun á Íslandi en þann 10. mars opnaði Ylja, fyrsta neyslurýmið hér á landi og er það starfrækt í sérútbúnum bíl. Ylja er tilraunarverkefni til eins árs og er tilgangur þess að meta þörfina fyrir staðbundið neyslurými. Rekstur verkefnisins hefur gengið vonum framar en rýmið hefur verið nýtt frá fyrsta degi og hefur aukin aðsókn sýnt fram á þörfina fyrir staðbundið neyslurými.

Með því að veita öruggan og hreinan stað til að nota vímuefni er hægt að tryggja bætt öryggi notenda sem og samfélagsins alls. Meginmarkmið Ylju er að lágmarka þörf einstaklinga til að nota vímuefni á almannafæri og þannig koma í veg fyrir þann skaða sem vímuefnaneysla í óhreinum og óöruggum aðstæðum getur haft í för með sér.

Þjónusta Ylju felur fyrst og fremst í sér að vera öruggur staður fyrir notendur til að nota vímuefni í æð. Hlutverk Ylju er að veita hreinan búnað, veita skaðaminnkandi ráðgjöf og vera vakandi fyrir einkennum ofskömmunar og bregðast við þeim ef þess þarf.

Mikilvægt er að mæta notendum með hlýju viðmóti, veita stuðning og beita virkri hlustun, sem getur vegið þungt fyrir einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Heilbrigðisþjónustan felst fyrst og fremst í meðferð sára og sýkinga sem geta fylgt notkun vímuefna í æð. Einnig er boðið upp á þjónustu á borð við samtalsmeðferðir og ráðleggingar vegna heilbrigðistengdra vandamála.

Þá er reynt í Ylju að stuðla að ábyrgari vímuefnanotkun notenda. Þegar notendur nýta sér Ylju gefa þeir upp hvaða efni og skammtastærð þeir hyggjast nota. Er þá hægt að eiga skaðaminnkandi samtal um skammtastærðina með það að markmiði að koma í veg fyrir ofskammtanir. Þessi skaðaminnkandi samtöl snúa að þáttum eins og svefni, almennu heilsufari o.fl. sem geta haft áhrif á þol einstaklinga. Tvær ofskammtanir hafa átt sér stað í bílnum á tímabilinu og voru viðbragðsaðilar kallaðir til í bæði skiptin.

Aðsókn í Ylju jókst verulega og á tímum hafði rýmið ekki undan því að þjónusta alla sem komu til að sækja sér þjónustu. Alls hafa 225 skipti verið skráð þar sem notendur hafa ekki komst að í Ylju vegna þess að rýmið var í notkun og meðallengd biðraða var allt að 30 mínútur. Í 106 skipti þoldu notendur ekki biðina og notuðu þá vímuefni í almenningsrýmum, utandyra eða við aðrar ótryggar aðstæður.

- 2022 -

113

EINSTAKLINGAR
HEIMSÓTTU YLJU

1.098

HEIMSÓKNIR Í YLJU

93%

heimsókna komu
einstaklingar til að fá
sálrænan stuðning

68%

heimsókna var veitt
skaðaminnkandi
ráðgjöf

59%

heimsókna komu
einstaklingar til að
nota vímuefni í æð

20%

heimsókna var
veitt heilbrigðis-
þjónusta


FLÓTTAFÓLK

Á árinu 2022 breyttist landslagið í flóttamannamálum á Íslandi í kjölfar aukinna vopnaðra átaka í Úkraínu og aldrei áður hefur álíka fjöldi sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi. Alls sóttu 4.518 einstaklingur um vernd og fengu 3.455 þeirra stöðu flóttamanns. Til samanburðar fengu 526 vernd árið 2021.

Vorið 2022 hætti talsmannþjónusta Rauða krossins, sem sinnti lögfræðiþjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Það varð til þess að erfiðara varð að ná til skjólstæðinga eftir að þeir fengu vernd, svo flóttamannateymið þurfti að finna nýjar leiðir til að ná til fólks.

Þá var unnin [skýrsla um fólk í umborinni dvöl](#) hér á landi og athygli stjórnvalda vakin á þeim erfiðu aðstæðum sem fólk í slíkri stöðu býr við. Niðurstöðurnar sýna meðal annars að andlegri og líkamlegri heilsu þeirra hrakar sífellt og að fólk býr við mikla óvissu um hvort það geti lifað mannsæmandi lífi.

Af þeim sem fengu vernd



VIÐTALSTÍMAR & FATAKORT

Haustið 2022 byrjaði flóttamannateymi Höfuðborgardeildar með viðtalstíma í Árskógum 4. Þetta var leið til að til kynna starf Rauða krossins fyrir skjólstæðingum eftir að lögfræðiþjónustan var ekki lengur í boði. Teymi umsækjenda um alþjóðlega vernd voru þegar með viðtalstíma í Árskógum og hafa teymin átt gott samstarf varðandi þetta úrræði.

Í viðtalstímum getur flóttafólk sótt um fatakort, kynnt sér verkefni Rauða krossins og fengið sálrænan stuðning og ráðgjöf um hin ýmsu mál. Á fjórum mánuðum sóttu 748 einstaklingar þjónustu í viðtalstímana og á því tímabili hafa fatakort að verðmæti 15.970.000 kr. verið gefin til skjólstæðinga. Biðlistar í verkefni Rauða krossins hafa lengst verulega í kjölfar aukins fjölda flóttafólks á Íslandi.

Í dag eru 329 einstaklingar á skrá, annað hvort í verkefni eða á biðlista eftir frekari þjónustu og þátttöku í verkefnum.

LEIÐSÖGUVINIR FLÓTTAFÓLKs



Leiðsöguvinir er félagslegt stuðningsverkefni fyrir flóttafólk. Helsta markmið verkefnisins er gagnkvæm aðlögun eða inngilding flóttafólks í íslenskt samfélag. Ætlunin er að veita flóttafólki betri innsýn í íslenskt samfélag, bæta tengslanet þeirra hér á landi og veita Íslendingum meiri innsýn í líf flóttafólks. Tilgangur verkefnisins er að færa fólk nær hvor öðru.

Árið 2022 var töluverð aukningu á starfstækifærum fyrir flóttafólk í kjölfar þess að atvinnuleysi minnkaði og þar af leiðandi höfðu ekki eins margir tíma né þörf fyrir þátttöku í verkefninu sökum vinnuálags. 109 leiðsöguvinapör tóku þátt í verkefninu.

Á árinu tóku nokkur sveitarfélög ákvörðun um að taka þátt í Samræmdri móttöku flóttafólks. Samræmd móttaka flóttafólks nær til fólks sem fengið hefur alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða hér á landi. Markmiðið er að tryggja flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur og í hvaða sveitarfélagi það sest að. Lögð er áhersla á nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og að fólk fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, svo sem með atvinnu, samfélagsfræðslu og námi, þ.m.t. íslenskunámi.

***Inngilding er
þýðing á
enska orðinu
"inclusion"***

TÖLUM SAMAN

Tölum saman er tungumálaverkefni fyrir flóttafólk sem hefur verið starfandi frá árinu 2020. Í verkefninu æfir flóttafólk þá íslenskukunnáttu sem það hefur ásamt sjálfboðaliða sem hefur íslensku sem móðurmál. Tungumálavinirnir hittast yfir sex mánaða tímabil, einu sinni í viku í eina klukkustund í senn. Árið 2022 tóku 44 pör þátt í verkefninu.

Flóttafólki býðst að læra íslensku í tungumálaskólum á fyrstu mánuðunum eftir að þau fá vernd. Þeim vantar svo tækifæri til þess að æfa íslenskuna sem þau læra þar. Þannig getur Tölum saman verkefnið verið góð viðbót við þá tungumálamenntun sem flóttafólk fær.

**Íslenskan er
einn
lykilþáttur í
inngildingu
íslensks
samfélags**

Bókasöfn borgarinnar hafa verið mikilvægur þáttur í Tölum saman verkefninu, þar geta pörin hist vikulega og nýtt sér aðstöðuna. Reynt er að velja bókasafn sem er nálægt báðum aðilum en pörin hafa einnig hist á kaffihúsum, sundlaugum og fleiri stöðum.



OPIÐ HÚS

Í maí 2022 hófst félagsstarf fyrir flóttafólk og hælisleitendur í samstarfi við Reykjavíkurborg í samfélagshúsinu á Vitatorgi. Áður var félagsstarf Rauða krossins í Árskógum og þá einungis fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Nú er félagsstarfið á báðum stöðum í boði fyrir bæði umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk. Fjölbreytt dagskrá er í boði: konuhópur, unglingaklúbbur, enskukennsla, íslenskukennsla, dans og jóga. Mikil áhersla hefur verið lögð á vellíðan fólks og gagnkvæma aðlögun eða inngildingu þess og eldri borgarar frá félagsmiðstöðunum Vitatorgi og Árskógi eru líka velkomin. Opið hús er haldið einu sinni í viku, tvo tíma í senn.

Áherslan í Opnu húsi er á að útvega öruggt rými fyrir fólk þar sem það getur verið og hitt nýtt fólk og þannig komið í veg fyrir einangrun. Sjálfboðaliðar Rauði krossins af ólíkum uppruna leggja sitt af mörkum til að vera til staðar, spjalla eða spila við fólk. Á hverri vakt eru um 2-8 sjálfboðaliðar og samtals eru 20 sjálfboðaliðar skráðir í verkefnið.

Sérstakir gestir hafa kíkt í heimsókn í Opið hús. Rithöfundar af erlendum uppruna deildu sögum sínum og bæði íslenskt og erlent tónlistarfólk hefur haldið stutta tónleika. Þá kom töframaður og fyllti samfélagshúsið með göldrum, trúðar skemmtu krökkum og jólasveinn gladdi krakka með gjöfum um hátíðarnar.



KVENNADEILD



Kvennadeildin rekur verslanir á Landspítalanum í Fossvogi og við Hringbraut, sem og sjálfsala. Í lok árs var búðin við Fossvog færð á nýjan stað innan spítalans og er hún nú gegnt gamla innganginum. Búðin er talsvert minni en áður, en á meira áberandi stað og hefur sala aukist þó nokkuð með nýrri staðsetningu. Sjálfboðaliðar sjá um afgreiðslu í versluninni og hafa þær unnið alls 4.200 klukkustundir árlega.

Auk verslana hefur Kvennadeildin umsjón með þrjónahópi sem hittist á hverjum fimmtudegi í húsnæði Rauða krossins í Efstaleiti 9. Hópurinn þrjónar þó einnig mikið heima við og er handverkið selt á jólabasar deildarinnar, en auk þess er mikið selt í verslununum allt árið.

Í ár var jólabasarinn haldinn í nóvember og voru þar seldar kökur í úrvali auk handverks. Deildin tók einnig þátt í Jólamarkaði Árbæjarsafns, þar sem líknarfélögum á höfuðborgarsvæðinu var boðið að selja vörur sínar. Vel tókst til og ágóði af jólabasarnum og minningarkortum Kvennadeildar var gefinn til verkefnisins Frú Ragnheiður. Þá var Öldrunardeild Landspítalans á Landakoti færður styrkur til kaupa á greiningartæki og loftdýnum.

Styrkur Kvennadeildarinnar er félagarnir og hafa þær margar starfað lengi með deildinni. Þær elstu eru stofnfélagar deildarinnar og hafa starfað í verkefnum Kvennadeildarinnar frá 1966.

**Markmið
deildarinnar hefur
frá upphafi verið að
bæta hag aldraðra
og sjúkra.
Sjálfboðaliðar í
deildinni eru um 80
talsins.**

STARFIÐ Í MOSFELLSBÆ



Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu starfrækir þrjónahóp í Mosfellsbæ. Í hópnum er 21 kona og hittast þær í Þverholti 7 á miðvikudögum milli kl. 13:00-16:00. Halla Mjöll Hallgrímsdóttir er hópstjóri.

Hópurinn þrjónar ýmis konar hlýjan fatnað sem er gefinn í verkefnið Frú Ragnheiður og til umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi. Þá hefur hópurinn saumað fjölnota burðarpoka og selt verkefninu til tekna.

Varningur þrjónahópsins hefur verið seldur á bæjarhátíðinni í Túninu heima og á jólabasar Kvennadeildar Rauða krossins.

***Þrjónað fyrir
skjólstæðinga
Rauða
krossins***

MÚLABÆR

Fyrir 40 ár hóf Rauði krossinn í Reykjavík, ásamt Samtökum aldraða í Reykjavík og SÍBS, viðræður um að opna dagvistun fyrir aldraða. Árið var 1982 og var það ár helgað öldruðum. Í janúar 1983 var skrifað undir samning við ríkið og Múlabær, dagþjálfun aldraðra og öryrkja, var opnuð stuttu síðar, eða þann 27. janúar. Var hún sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Fjórum árum síðar var Hlíðabær stofnaður, en Hlíðabær er sérstaklega ætlaður þeim sem greinst hafa með heilabilunarsjúkdóma.

Múlabær og Hlíðabær eru sjálfseignarstofnanir og heyra undir sömu stjórn, sem skipuð er fulltrúum stofnaðila. Múlabær er til húsa í Síðumúla 32 í Reykjavík og Hlíðabær á Flókagötu 53. Daglega fá um 60 manns þjónustu í Múlabæ og koma 130 einstaklingar í viku hverri. Stafsemi Hlíðabæjar er ögn smærri í sniðum en þar er heimild fyrir að þjónusta 22 einstaklinga hvern virkan dag.

Aðkoma Rauða krossins hefur breyst verulega síðustu ár og í dag sitja fulltrúar Rauða krossins í stjórn Múlabæjar og Hlíðabæjar, auk þess að skipa fulltrúa í fulltrúaráð. Á árinu hófst sú vinna að Rauði krossinn dragi sig úr starfi Múlabæjar og Hlíðabæjar.



STJÓRN RAUÐA KROSSINS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

- Jón Ásgeirsson - formaður / formadur.reykjavik@redcross.is
- Sveinbjörn Finnsson - gjaldkeri / gjaldkeri.reykjavik@redcross.is
- Helga Sif Friðjónsdóttir - meðstjórnandi
- Orri Gunnarsson - meðstjórnandi
- Ólafur Ingólfsson - meðstjórnandi
- Svanhildur Konráðsdóttir - meðstjórnandi
- Þorsteinn Árnason Surmeli - meðstjórnandi
- Edda Jónsdóttir - varamaður
- Zahra Mesbah - varamaður

STJÓRN KVENNADEILDAR RAUÐA KROSSINS

- Halldóra Ásgeirsdóttir - formaður / form.kvennadeild.rvk@redcross.is
- Laufey Kristjónsdóttir - varaformaður
- Sigrún Jónsdóttir - gjaldkeri stjórnar / gjaldkeri.kvennadeild.rvk@redcross.is
- Vala Rós Ingvarsdóttir - ritari
- Eygló Dóra Garðarsdóttir - meðstjórnandi
- Elínborg Einarsson - meðstjórnandi
- Guðrún Kristinsdóttir - varamaður
- Jórunn Árnadóttir - varamaður
- Kristín Jónsdóttir - varamaður

STJÓRN MÚLABÆJAR OG HLÍÐARBJÆJAR

- Svana Gunnarsdóttir (Rauði krossinn) - formaður
- Gunnhildur Hlöðversdóttir (SÍBS) - varaformaður
- Ólafur Örn Ingólfsson (FEB) - meðstjórnandi
- Sigurjón Einarsson (SÍBS) - meðstjórnandi
- Pétur Þorsteinsson (Rauði krossinn) - meðstjórnandi
- Sigurbjörg Birgisdóttir (Rauði krossinn) - varamaður
- Fríða Rún Þórðardóttir (SÍBS) - varamaður
- Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir (FEB) - varamaður

Í fulltrúaráði Múalbæjar og Hlíðarbæjar sitja fyrir hönd Rauða krossins

- Marín Þórsdóttir - formaður
- Halldóra Ásgeirsdóttir
- Belinda Karlsdóttir

STARFSFÓLK RAUÐA KROSSINS

Marín Þórsdóttir - deildarstjóri

Skaðaminnkun

- Hafrún Elísa Sigurðardóttir - teymisstjóri skaðaminnkunar
- Aníta Runólfssdóttir - bakvaktir Frú Ragnheiður
- Margrét Dís Yeomen - hjúkrunarfræðingur skaðaminnkunarverkefna
- Sólveig Gísladóttir - verkefnastjóri Frú Ragnheiðar
- Villimey Líf Friðriksdóttir - verkefnafulltrúi Ylja neyslurými
- Þórhildur María Jónsdóttir - hjúkrunarfræðingur Ylja neyslurými
- Áslaug Birna Bergsveinsdóttir - afleysing Ylja
- Bergur Ólafsson - afleysing Ylja
- Helga Sif Víðisdóttir - afleysing Ylja
- Jónína Bogadóttir - afleysing Ylja

Starf með flóttafólki

- Úlfhildur Ólafsdóttir - teymisstjóri í málefnum flóttafólks
- Jordi Cortes - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
- Karla Isabel Johnson - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks
- Nadine Andriesse - ESC sjálfbæðaliði í fullu starfi
- Natasha Stolyarova - verkefnafulltrúi í málefnum flóttafólks

Starfskonur Kvennadeildar

- Sonja Kristín Sverrisdóttir - verslunarstjóri verslunar í Fossvogi
- Guðrún Jósafatsdóttir - verslun Kvennadeildar

STJÓRN RAUÐA KROSSINS ÞAKKAR EFTIRTÖLDU STARFSFÓLKI SEM LÉT AF STÖRFUM Á ÁRINU

- Francisco Gimeno Ruiz
- Kristín Davíðsdóttir
- Sóley Ómarsdóttir
- Sigurður Hólm Gunnarsson
- Sigrún Erla Egilsdóttir